

Skólaráðsfundur

23. október 2014.

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Þóra og Birna fulltrúar kennara, Kári fulltrúi starfsmanna og Þóra fulltrúi foreldra .

Örn bauð skólaráð velkomið á fyrsta fund vetrarins og lagði fram fundarskipulag sem hann mun senda fulltrúum í tölvupósti. Fundað verður á 5-6 vikna fresti í vetur. Rætt stuttlega um fundartíma, hugsanlega fundað á morgnana strax kl 8. Enn vantar fulltrúa grenndarsamfélags í hópinn hugsanlegt að í stað komi þriðji fulltrúi foreldra. Ræðst fljótlega í samráði við stjórn foreldrafélagsins.

Örn sagði stuttlega frá því að unnið er að nýrri uppsetningu skólanámsskrár hér í skólanum. Gömul uppsetning þ.e. námskrá fyrra árs hefur á meðan verið fjarlægð af heimasíðu skólans. Þar sem hún er ekki lengur áreiðanleg.

Ýmsar skimanir eru lagðar fyrir alla nemendur í grunnskólum Reykjavíkur s.s. lesskimun í 2 bekk, talnalykill í 3 bekk og samræmd próf í 4 og 7 bekk. Niðurstöður lesskimunar vorið 2014 eru mjög ásættanlegar í skólanum, meðaltal í Reykjavík af nemendum sem geta lesið sér til gagns er 66%, 75% í Grandaskóla.

Ingólfur formaður foreldrafélagsins ætlar að koma á næsta skólaráðsfund, hann hefur mikinn áhuga á því að þrýsta á viðhald og endurnýjun skólalóðarinnar. Mikil nauðsyn á viðhaldi allt orðið í niðurníðslu.

Næsti fundur í nóvember 2014

Fundi slitið  
Inga Sigurðardóttir